



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsberjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

8. júlí 2010

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, 658. mál

Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir að iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sameinist í nýju atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, og að umhverfisráðuneyti verði að umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að í raun sé verið að koma málinu í umsagnarferli samhliða viðtæku samráði sérstaks stýrihóps um málið. Því kemur ekki á óvart að efnislega er frumvarpið að mörgu leyti afar óljóst, t.d. hvað varðar útfærslu á ætluðu hlutverki umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Samorka gerir engar athugasemdir við hugmyndir um sameiningu ráðuneyta, enda muni nýtt atvinnuvegaráðuneyti í það minnsta ekki veikja þá ágætu sérfræðipækkingu sem t.d. orkumálaskrifstofa iðnaðarráðuneytisins býr yfir í dag. Hagræðing og efling stjórnsýslueininga eru markmið sem allir hljóta að geta stutt.

Samorka gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við hugmyndir um að færa auðlindastjórnun og rannsóknir frá núverandi fagráðuneytum yfir til umhverfisráðuneytisins. Umhverfisráðuneytið fer ásamt stofnunum sínum nú þegar með afar stór hlutverk í öllu ferli auðlindanýtingar þegar orkuvinnsla er annars vegar. Að mati Samorku er það með öllu óeðlileg stjórnsýsla að sama ráðuneyti hafi yfirumsjón með útgáfu rannsókna-, nýtingar- eða virkjunarleyfa annars vegar, og með ferli mats á umhverfisáhrifum og staðfestingu á skipulagstillögum hins vegar.

Samorka bendir á að sums staðar erlendis, t.d. í Danmörku, falla orkumál og umhverfis- og/eða loftslagsmál undir sömu ráðuneyti. Tilgangurinn er þá sá að stuðla að aukinni nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, en hérlendis er sú staða góðu heilli allt önnur en víðast hvar í samanburðarlöndum.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. um umhverfis- og auðlindaráðuneytið að með tilkomu þess verði ekki litið á atvinnustefnu, nýtingu og umhverfisvernd sem andstæða póla. Þarna virðist gæta einhvers misskilnings. Við nýtingu innlendra og endurnýjanlegra orkulinda hefur þvert á móti alla tíð verið lögð áhersla á góða umgengni við viðkomandi auðlind, nýtingin verði sjálfbær og áhersla lögð á góða umgengni við umhverfið. Þar við bætist jákvætt framlag til stærsta viðfangsefnis



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

veraldarinnar á sviði umhverfismála, þ.e. baráttunnar gegn auknu útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem öðru fremur má rekja til brennslu jarðefnaeldsneyta. Hér á landi er notkun þeirra miklum mun minni en í okkar samanburðarlöndum, vegna þeirra ríkulega vatnsfalla- og jarðhitauuðlinda sem Ísland býr yfir.

Í athugasemdum við frumvarpið er sem fyrr segir boðað til viðtæks samráðsferlis og gerir Samorka ráð fyrir að sjónarmið samtakanna muni fá að hljóma í því ferli.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri